

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

KAUP Á TÆKNIÞJÓNUSTU VEGNA NORÐURLANDARÁÐSPINGS

26. OKTÓBER 2010

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur frá því í lok árs 2009 skoðað sérstaklega kaup ráðuneyta og stofnana á vörum og þjónustu. Niðurstöður einstakra kannana á þessu sviði hafa þegar verið birtar í fjórum opinberum skýrslum og einni sjálfstæðri ábendingu.

Í nóvember á þessu ári verður þing Norðurlandaráðs haldið í Reykjavík en Alþingi sér um framkvæmd þess. Í mars barst Ríkisendurskoðun bréf frá fyrirtækinu Exton ehf. þar sem gagnrýnt var að skrifstofa Alþingis hafi ekki boðið út tækniþjónustu við þingið. Ríkisendurskoðun óskaði í kjölfarið eftir upplýsingum frá skrifstofu Alþingis um hvernig staðið var að vali á aðila til að annast þessa þjónustu. Svör bárust í tvennu lagi, 21. apríl og 8. júlí. Drög að sjálfstæðri ábendingu Ríkisendurskoðunar voru send skrifstofunni til athugasemda 20. ágúst og bárust svör hennar 17. september.

Norðurlandaráðsþing er haldið árlega í því ríki sem fer með formennsku í Norðurlandaráði hverju sinni. Í ár mun þingið fara fram á tveimur hótélum, þ.e. Hilton Reykjavík Nordica og Grand Hótel, og verður hið síðarnefnda aðalfundarstaðurinn.

Tækniþjónusta

Í tækniþjónustu við þingið felst m.a. leiga og uppsetning á ýmsum búnaði, svo sem tölvum, hljóðnemum, netkerfum, símkerfum og búnaði fyrir túlka. Samkvæmt áætlun skrifstofu Alþingis er gert ráð fyrir að kostnaður vegna tækniþjónustu verði 24,5 m.kr. af 58,6 m.kr. heildarkostnaði við þingið.

Val á þjónustuaðila

Skrifstofa Alþingis hefur notið aðstoðar ráðstefnufyrirtækisins Congress Reykjavík við skipulagningu þingsins. Congress Reykjavík óskaði eftir tilboði frá fyrirtækinu Exton ehf. í tækniþjónustu við þingið, en Exton ehf. er samstarfsaðili Hilton Reykjavík Nordica. Þann 1. desember 2009 gerði Hilton Reykjavík Nordica þrjú tilboð fyrir hönd Exton ehf. og voru þau mismunandi eftir umfangi þjónustunnar. Tilboðin hljóðuðu upp á 64,6 m.kr. til 125,8 m.kr. Þau þóttu öll of há og því var óskað eftir nýju tilboði. Það barst 7. desember 2009 og hljóðaði upp á 59,9 m.kr. Á

sama tíma var óskað eftir tilboði frá fyrirtækinu Sense ehf. Það barst 7. desember 2009 og hljóðaði upp á 19,8 m.kr.

Á grundvelli þessara tilboða var ákveðið að ganga til samninga við Sense ehf. enda var tilboð þess fyrirtækis þriðjungur af lægsta tilboði Exton ehf.



Útboðsskylda

Samkvæmt lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 ber að bjóða út öll þjónustukaup yfir 12,4 m.kr. Ljóst er af kostnaðaráætlun og tilboðum að kostnaður vegna tækniþjónustu Norðurlandaráðsþings er verulega yfir þessum mörkum.

Skrifstofa Alþingis heldur því fram að ekki hafi verið skylt að bjóða þjónustuna út þar sem Norðurlandaráð greiðir meirihluta kostnaðar við hana. Á móti bendir Ríkisendurskoðun á að lög um opinber innkaup eru byggð á samræmdum reglum Evrópska efnahagssvæðisins, þeim sömu og gilda annars staðar á Norðurlöndum. Bæði íslenska ríkið og Norðurlandaráð verða því að hlíta þessum reglum. Auk þess er skrifstofa Alþingis greiðandi reikninga vegna tækniþjónustunnar þótt hún eigi endurkröfurétt á Norðurlandaráð.

Það er því mat Ríkisendurskoðunar að skrifstofa Alþingis hefði átt að bjóða þjónustuna út í stað þess að leita tilboða með þeim hætti sem gert var.

RÍKISENDURSKOÐUN TELUR AÐ SKRIFSTOFA ALÞINGIS PURFI AÐ TAKA VERKLAG VIÐ ÚTBOÐ OG VERÐFYRIRSPURNIR TIL ENDURSKOÐUNAR.